# Fundargerð – Dýraverndarráð

Fundur nr. 02/11
Staður og stund:
12. maí 2011, kl 16:30-19:00 í húsnæði Umhverfisstofnunar við Suðurlandsbraut 24, 5. hæð.

Mættir eru:
Sigurborg Daðadóttir (formaður), Margrét Björk Sigurðardóttir, Linda Karen Gunnarsdóttir, Ólafur Dýrmundsson, Hildur Vésteinsdóttir (ritari).

Dagskrá:

1. Ný dýravelferðarlög – kynning og umræður
   Formaður kynnti lokadrög að lögum um dýravelferð. Almennar umræður.
   a. *Beit nautgripa*
      Almennar umræður.
      Fulltrúi Bændasamtaka Íslands lagði fram eftirfarandi tillögu að ályktun:
      *Dýraverndarráð beinir þeim óskum til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Hr. Jóns Bjarnasonar, að hann breyti án tafar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra nr. 438/2002 svo að skýrt komi fram að gripirnir eigi að njóta sumarbeitar, og standi þá þannig: „Tryggja skal öllum gripum, nema graðnautum eldri en sex mánaða, 8 vikna sumarbeit hið minnsta ár hvert.“ Þannig komi orðið „sumarbeit“ í stað orðsins „útivist“.*
      Auk þess var lagt fram sem fylgigagn bréf til Norðurlandaráðs frá Norræna dýraverndarráðinu varðandi sumarbeit mjólkurkúa (Fylgiskjal 1).
      Ályktunin var samþykkt samhljóða.
      Formaður sat hjá við umræður og afgreiðslu þessa máls en lýsti því yfir að hann styður málið efnislega.

2. Svínareglugerð – athugasemdir dýraverndarráðs
   Farið var yfir útgefna reglugerð um aðbúnað og heilbrigði svína nr. 353/2011 með tilliti til umsagnar dýraverndarráðs við drög reglugerðarinnar.
   Dýraverndarráð fagnar því að tillit hafi verið tekið til hluta athugasemda ráðsins við útgáfu reglugerðarinnar en harmar að ekki hafi verið orðið við umsögn ráðsins varðandi eftirfarandi veigamikil atriði:

   Geldingar grísa
   Dýraverndarráð ítrekar ábendingar sínar sem samþykktar voru á fundi ráðsins þann 6. janúar 2011 og sendar voru sem umsögn við drög að reglugerðinni:

   *“Dýraverndarráð telur það óviðunandi að heimila geldingu án deyfingar á grísum yngri en 7 daga. Engar rannsóknir staðfesta að sársaukaskyn sé minna eða takmarkaðra í*

*ungum dýrum. Í dag er komin raunhæfur valkostur við hefðbundnar geldingar með tilkomu „lyfjageldinga" og því óverjandi að leyfa sársaukafulla aðgerð án deyfingar þegar til eru aðrar aðferðir sem hafa minni áhrif á heilsu og velferð dýranna."*

Dýraverndarráð telur að ákvæði 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar þar sem segir að *„…Ennfremur er óheimilt að gelda grísi án deyfingar eldri en 7 daga gamla."* samræmist ekki 3. mgr. 13. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, en þar segir *„Þegar aðgerð er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfa dýrið."* Telur ráðið að geldingar á grísum yngri en 7 daga séu í beinni andstöðu við þetta ákvæði laganna. Telur ráðið því að endurskoða verði þetta ákvæði reglugerðarinnar og banna með öllu geldingar á grísum án deyfingar til að uppfylla ákvæði núgildandi dýraverndarlaga.

Aðbúnaður svína í útivist og undirburður
Dýraverndarráð harmar jafnframt að engin ákvæði séu í umræddri reglugerð varðandi aðbúnað svína í útivist og að ekki sé skylt í öllum tilvikum að bera heppilegan undirburð undir svín. Varðandi undirburð fyrir svín vill ráðið ítreka umsögn sína við drög að reglugerðinni:

*Þá er bent á að rétt sé að taka út „sé þess þörf" í 4. mgr. Ósamræmis gætir hér við 10. gr. reglugerðarinnar þar sem í þessari grein segir „Ávallt skal bera undir svínin með heppilegum undirburði <u>sé þess þörf</u>, svo sem hálmi, spónum eða álíka" á meðan í 10. grein segir „…rótað í undirburði samkvæmt þörfum sínum". Dýraverndarráð styður þetta ákvæði 10. greinar og telur því rétt að 12. gr. sé breytt til samræmis. Vert er að benda á að stór þáttur í eðlilegu atferli svína er að róta í jarðvegi. Velferð svína, sem í reglugerðinni eru m.a. skilgreind sem svo að svínin geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt, er því m.a. fólgin í því að þau geti sýnt þetta atferli sitt. Öll svín ættu því að eiga þess kost að geta rótað í undirburði.*

Lýsing og hvíld
Þá bendir dýraverndarráð á að ákvæði um ljós í Viðauka I með reglugerðinni skyldar aðeins að ljós sé látið loga í a.m.k. 8 klst. á sólarhring en þar er ekki kveðið á um neinn lágmarkstíma sem ljós skulu vera slökkt eða dempuð. Samkvæmt reglugerðinni er því heimilt að láta ljós loga allan sólarhringinn og jafnvel sólarhringum saman. Telur ráðið nauðsynlegt að tryggt sé að svín fái hvíldartíma þar sem aðeins gætir næturlýsingar.

3. <u>Offjölgun katta</u>
   Almennar umræður. Samþykkt að dýraverndarráð hafi forgöngu að sameiginlegri áskorun til almennings til að sporna við offjölgun katta. Lögð voru fram drög að fyrirhugaðri áskorun og Margréti falið að fullvinna textann í samstarfi við félagasamtök og stofnanir er málið varðar og tengjast dýravelferðarmálum.

4. <u>Önnur mál</u>

   a. *<u>Staða endurskoðunar á reglugerðum</u>*

Kynnt voru svör við fyrirspurn dýraverndarráðs varðandi útgáfu endurskoðaðra reglugerða um flutning og aflífun búfjár. Þar kom fram að nefnd sem vann drög að reglugerð um flutning búfjár hefur skilað tilbúnum drögum að reglugerð til ráðuneytis en nefnd sem vann að endurskoðun reglugerðar um aflífun búfjár á eftir að vinna úr athugasemdum. Telur lögfræðingur Matvælastofnunar að sú vinna muni klárast fyrir almenn sumarleyfi.
Ritara var falið að afla upplýsinga um stöðu reglugerðarinnar í ráðuneytinu og óska jafnframt eftir að drögin komi til umsagnar ráðsins.

b. *Mál til upplýsinga*
Ritari kynnti afgreiðslu mála sem unnin hafa verið fyrir hönd ráðsins.

Næsti fundur 8. september 2011

Fylgiskjal 1

The Nordic Council
Ved Stranden 18
1061 Köbenhavn K
Denmark

Reykjavík,4 March 2011

**Subject: Summer grazing of dairy cows in the Nordic Countries**

Having previously written an introductory letter to the Nordic Council, the Nordic Animal Welfare Council now wishes to express its concern over the recent trend of farmers not allowing dairy cows to graze outdoors during the short Nordic summer.

Traditionally, most cattle in all the Nordic countries have been grazed on permanent or temporary grass fields on farms during the summer months. In the case of dairy cattle the year has been divided into two periods,namely grazing for 4-5 months and housing for 7-8 months,varying somewhat with countries and climatic conditions.
The positive image of allowing dairy cows to enjoy the freedom of foraging for themselves under natural conditions on lush summer pastures is certainly not only animal friendly but is also highly appreciated by consumers of milk and other dairy products. To ensure that cows are grazed in summer it has been stipulated in animal and welfare regulations in the Nordic countries that an outdoor access should be guaranteed for at least 60 days. On organic dairy holdings the standard is higher as daily ,outdoor- access throughout the year is the general practice,weather allowing.

In all the Nordic Countries there has been a worrying trend towards keeping dairy cows in total confinement in buildings throughout the year,possibly only allowing outdoor -access to yards and thus depriving them of all grazing. Moreover, they are also deprived of certain natural instincts related to their intake of forage through grazing and they certainly enjoy less fresh air ,daylight and sun than previously. Some farmers bend the rules by claiming that the the 60-day outdoor-access does not necessarily imply grazing ,only an access to a yard by the building with a concrete or gravel floor. Namely,no access to grass or grazing whatsoever. Instead the forage is harvested mechanically in the fields during summer and hauled on trailers to the cows. This practice is commonly called "zero-grazing",an ironic term for no grazing at all. These cows are certainly not moving freely about lush fields any more since their owners are taking decisive stept towards factory farming which in pig and poultry prodution has created more problems than it has solved,namely producing "cheap food" at the cost of the animals,the environment,the countryside and the rural population. There are three main reasons for this trend,both directly related to high-technology addiction as well as the short-sighted and unsustainable way of thinking of those who have advocated factory farming during the last 50 years:

1) Automation through robot- milking.

2) Fast growing dairy herd size.

3) Political and consumer pressure for cheaper food.

Robot milking as such can be reconciled with high animal welfare standards and is even applied on organic dairy farms in the Nordic Countries. However,when constructing such intensive systems,particularly when the dairy herd has grown to hundreds of cows,it has proved tempting not to organize daily summer grazing by planning and constructing the necessary gates and fences to ensure normal cow welfare,to allow them to go out on pasture. In some cases the pastures may even not be availably in the vicinity of the buildings.

Traditional dairy farmers ,on family farms with modest herd sizes and acceptable welfare standards, are being pushed out of business at an alarming rate due to this trend towards industrialized factory farming systems. The Nordic Countries ,and in fact Europe at large, can learn from the mistakes made in the USA where "mega- dairies" spell disaster for the cows and the environment at large. There is a mounting pressure,for example in England, to build up to 8000-cow units,based on the disastrous American model as ,for example,well documented in the film "FOOD,Inc." shown widely in cinemas last year.

Since the standard of cow welfare is still relatively high in the Nordic Countries , and is well recognized by Nordic consumers ,we ask the Nordic Council to take up a well -informed discussion with representatives of the Nordic Animal Welfare Council on the growing threat to traditional and good cow grazing practices. We consider it absolutely necessary that not only outdoor- access but also grazing for a minimum of 60 days is made a legal requirement for all dairy farms in the Nordic Countries. This could mark a more active involvement of the Nordic Council in animal welfare matters now of growing importance. The Nordic Animal Welfare council would indeed appreciate a permanent representation in relevant Nordic Council activities as an NGO body.

Yours sicerely,

on behalf of the Nordic Animal Welfare Council

Ólafur R. Dýrmundsson PhD

Postal address: Jórusel 12,109 Reykjavík,Iceland
E-mail: dyravernd@dyravernd.is